

Eldsvoði - Rýmingaráætlun

Bjarga – Kalla á hjálp – Slökkva

Ef öryggskerfi leikskólans fer í gang fer ákveðið ferli af stað:

Fyrstu viðbrögð

Aðstoðarleikskólastjóri/Skólastjóri/Deildarstjórar sjá um að lesa brunavarnarkerfið; hvaðan eldurinn á upptök sín

Aðstoðarleikskólastjóri/Skólastjóri slekkur á kerfinu og gengur úr skugga um hvort um bruna er að ræða. Í framhaldinu er tekin ákvörðun um hvort rýma eigi bygginguna. Aðstoðarleikskólastjóri/Skólastjóri tekur við símtali frá Öryggismiðstöðinni. Ef um eld er að ræða skal hringja strax í **1 1 2**.

Ef aðstoðarleikskólastjóri/Skólastjóri eru ekki í húsinu sér deildarstjóri þeirrar deildar sem næst er brunabjöllunni um að slökkva á kerfinu. Deildarstjórar skulu koma út af deildinni og ganga úr skugga um orsök þess að brunaviðvörðunarkerfið fór í gang.

Stjórnkerfi viðvörðunarkerfis er staðsett í aðalinngangi leikskólans. Bók er staðsett í boxi við stjórnkerfið. Í þá bók á að skrá í hvert sinn sem kerfið fer í gang. Aðstoðarleikskólastjóri ber ábyrgð á að skrá í bókina ef hann er viðstaddur annars sér deildarstjóri Tröllakletts/Dvergahlíðar um það.

Ef til þess kemur að rýma þurfi leikskólann fer rýmingaráætlun í gang. Rýmingaráætlun er stjórnað af aðstoðarleikskólastjóra/Skólastjóra/.

Rýming

Þau atriði sem hafa þarf í huga við rýmingu eru m.a.:

1. Fólksfjöldinn.
2. Hreyfigeta fólksins.
3. Fjöldi aðstoðarfólks ef þörf er á og um er að ræða.
4. Rýmingarleiðir.
5. Söfnunarstaður og lokastaður.
6. Tíminn til rýmingar.

1. Fólksfjöldinn: Flest eru börnin 20 samtímis í skólanum og 7 til 8 starfsmenn. Ef allir eru mættir er vel mannað og ætti rýming að ganga vel með góðri samvinnu. Nafnalisti með nemendum er að finna í svörtu neyðarhandbókinni í púlti (svört A5 bók). Taka þarf þessa bók með ásamt ípad ef rýma þarf leikskólann. Fremst í bókinni er listi og skriffæri sem hægt er að merkja við nemendur.
2. Hreyfigeta fólksins: Telja verður að ung börn þurfi mikla aðstoð við að bjarga sér. Ekki endilega vegna skertrar hreyfigetu, heldur vegna vanhæfni að meta hættuna og hvernig bregðast eigi við hættu. Starfsmenn eiga að hafa yfirsýn yfir nemendur á þeirri deild sem þeir starfa.
3. Fjöldi aðstoðarfólks: Ekki ætti að vera nauðsynlegt að kalla til aðstoðarfólk vegna rýmingar. Það fólk sem er á staðnum ætti í öllum tilfellum að ráða við að rýma húsið. Það er fyrst þegar kemur að slökkvistarfi sem aðstoðar getur verið þörf.
4. Rýmingarleiðir: Rýmingarleiðir eru út á leikskólalóð. Útgangar eru allir merktir með **Exit**-ljósum. Vegna þess að útidyrhurðir opnast út, þarf að gæta þess að ekki safnist snjór fyrir hurðirnar að vetrinum.
5. Söfnunarstaður er leikskólalóð. Lokastaður er Dalabúð.
6. Tíminn til rýmingar: Ef eldur kviknar er tími til rýmingar ekki mikill, vegna þess að eldur þróast hratt ef ekkert er að gert. Húsið er vel byggt og stenst kröfur í öllum megin atriðum. Brunaviðvörðunarkerfi er í húsinu og þar af leiðandi á eldur að uppgötvast strax á byrjunarstigi, sem gefur meira svigrúm til rýmingar.

Rýmingaráætlun

Aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjóri bera ábyrgð á að rýma deildir. Þeir skipta með sér verkum. Taka þarf íþátt, svartar neyðarhandbækur, skriffæri og síma. Þeir sjá til þess að börnum sé fylgt út og merkja við hvert þeirra þegar börnin eru komin á útisvæði.

2 starfsmenn Tröllakletts fylgja deildarstjóra og sinna börnum. 2 starfsmenn deildarinnar fara skipulega yfir rými deildarinnar og loka hurðum á þeim herbergjum sem búið er að rýma. 1 starfsmaður Dvergahlíðar fylgja deildarstjóra og sinna börnum. 1 starfsmaður deildarinnar fer skipulega yfir rými deildarinnar og lokar hurðum á þeim herbergjum sem búið er að rýma.

- Aðstoðarleikskólastjóri ber ábyrgð á Dvergahlíð. Hann tekur íþátt, svörtu neyðarhandbókina, skriffæri og síma í púlti og rýmir deildina gegnum dyr út á skólalóð. Í samvinnu hjálpast starfsmenn við athuga og rýma herbergi, salerni, skot, horn, sófa o.s.frv. sérstaklega, gæta þess að enginn verði eftir inni og loka þeim svæðum sem búið er að rýma. Loka þarf dyrum út á gang, herbergi og salerni.
- Deildarstjóri ber ábyrgð á Tröllakletti. Hann tekur íþátt, svörtu neyðarhandbókina, skriffæri og síma í púlti og rýmir deildina gegnum dyr út á skólalóð. Aðrir starfsmenn athuga og rýma herbergi, salerni, skot, horn, sófa o.s.frv. sérstaklega, gæta þess að enginn verði eftir inni og loka þeim svæðum sem búið er að rýma. Loka þarf dyrum út á gang, herbergi og salerni.
- Ef eldsvoði verður þegar lengd viðvera er í húsinu ber starfsmaður í Fjallasal ábyrgð á rýmingu úr Fjallasal. Loka skal dyrum listakróks, rýma sal og listakrók. Gæta þarf þess að enginn verði eftir inni. Fara skal út um dyr Fjallasals út á skólalóð. Starfsmaður tekur mætingabók og síma með sér.
- Ef eldsvoði verður á milli kl. 7.45 og 15 sér skólaliði um að rýma eldhús og þau rými sem hann starfar í og gætir þess að enginn verði eftir inni. Hann

lokar dyrum á eftir sér og fer út um næsta neyðarútgang út á leikskólalóð og aðstoðar við börn og starfsmenn utandyra.

- Starfsmenn staddir í vinnurými, skrifstofu og kaffistofu loka þeim rýmum á eftir sér og gæta þess að enginn verði eftir inni. Þeir fara til aðstoðar og í sín hlutverk eftir því hver þau eru.
- Starfsmenn staddir í fataklefa loka dyrum inn í leikskólann. Þeir rýma fataklefa og salerni og gæta þess að enginn verði eftir inni. Þeir fara út um aðalinngang leikskólans.
- Söfnunarstaður er leikskólalóðin. Þar er tekið manntal og þess gætt að öll börn og allt starfsfólk sé mætt. Ef barn vantar þarf að tilkynna það skólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra.
- Lokastaður er Dalabúð. Þar er aftur tekið manntal og þess gætt að öll börn og allt starfsfólk sé mætt. Ef barn vantar þarf að tilkynna það skólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra.
- 112 Aðstoðarleikskólastjóri/Skólastjóri/Deildarstjóri hringir.
- Öryggismiðstöð hringir. Umsjónarmaður fasteigna(Viðar) fær fyrstur hringinguna. Skólastjóri er 2. starfsmaður sem fær símtal frá Öryggismiðstöð.

Starfsfólk hjálpast að við að börnin fara rólega og skipulega út úr byggingunni og safnar þeim saman á leikskólalóð.

Ekki má tefja björgunarstarf með því að bjarga hlutum eða freista þess að klæða t.d. börnin í skó.

Muna að loka öllum hurðum til að hindra eld.

Bregðumst rólega en snögglega við.

Aðstoðarleikskólastjóri/Skólastjóri/Deildarstjóri fer yfir þau rými sem ekki tilheyra deildum og loka dyrum. Ef slökkvilið er ekki komið á staðinn þegar húsið hefur verið rýmt skal athuga hvort hægt er að slökkva eldinn með slökkvitæki eða brunaslöngu. Gerið það ekki nema þið vitið hvernig á að standa að því og leggið aldrei eigið líf eða líf annarra í hættu.

Leikskólastjóri/ aðstoðarleikskólastjóri eða staðgengill hans stjórna aðgerðum þar til slökkvilið kemur á staðinn þá tekur það við stjórnun aðgerða.

Starfsmenn bera ábyrgð á þeim börnum sem eru í þeirra umsjón.

Aldrei skal skilja

börn eftir ein þótt starfsmenn fari og aðstoði á öðrum deildum.

Munið að halda ró ykkar og hafa stjórn á hlutunum!